



Félag löggiltra
endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 140/418
komudagur 24.11.2011

Reykjavík 23. nóvember 2011
Tilvísun FLE 38-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf, 142 mál.

Með tölvupósti dags. 11. nóvember s.l. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Frankvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 140/506
komudagur 29.11.2011

Umsögn frá Íbúðalánasjóði um tillögu til þingsályktunar, 142. mál, um aðgerðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf.

Íbúðalánasjóður tekur ekki afstöðu til tillögunnar að öðru leyti en hér greinir:

1. c.

Ólíkar lánastofnanir hljóta að hafa að einhverju marki ólíkar leiðir og útfærslur og þar með um viðmið til grundvallar afgreiðslum. Ástæða þess mismunar sem er á útfærslu ÍLS og stóru viðskiptabankana liggur í því að tveir tóku sjálfstæða ákvörðun um að ganga lengra í úrræðinu en upphaflega var að stefnt. Breyting þeirra fól í sér skjótari og einfaldari afgreiðslu mála. Rétt er að vekja athygli á því að að 110% leiðin er ekki háð greiðsluvanda viðkomandi heldur er ætlað að laga veðstöðu áhvílandi lána umsækjanda á fasteign hans.

d.

Sjóðurinn getur ekki greitt upp lántökur sínar (HFF flokka) og myndi því sitja uppi með verðtryggð lán sem ekki er hægt að greiða upp nema einhver lausn fyndist með samningum við kröfuhafa. Endanlegur kostnaður við að bjóða upp á þennan skiptirétt getur hlaupið á milljörðum eða tug milljörðum króna allt eftir því hversu margir myndu nýta sér skiptiréttinn og áhrif neikvæðs verðtryggingarmunar. Eins og vextir og verðbólga eru í dag gætu áhrif þess að 10% lántakenda nýti sér þennan skiptirétt legið nærri milljarði króna á hverju ári. Vakinn er athygli á því að veruleg áhætta er fyrir lántaka að taka langtímalán með endurskoðun eftir 5 ár nema lánsform fyrirbyggi á einhvern hátt slíka áhættu. Hugmyndin sem slík þarfnast því verulegrar yfirlegu til að draga úr endurfjármögnunar- og vaxtaáhættu sjóðsins og lántakenda. Eitt meginverkefni Íbúðalánasjóðs í dag er að skoða möguleika á útgáfu óverðtryggðra fasteignalána þar sem ofangreindir áhættuþættir hafa verið leystir.

e.

Nú stýttist senn í að flestar lánastofnanir séu búnar að ljúka niðurfærslu yfirveðsetningar samkvæmt 110% leiðinni, ólöglegt gengistryggð lán hafa verið endurreiknuð og flest bílalán landsmanna hafi verið endurreiknuð. Greiningar sjóðsins gefa til kynna að rúmlega 30% af greiðslubyrði lána þeirra sem glíma við mestan greiðsluvanda liggja fyrst og fremst í neyslulánum sem ekki eru tryggðar með traustum veðum, en vísbendingar eru um að lítið hafi verið fært niður af neysluskuldum samanborið við aðra lánaflokk. Lausn þess vanda er að afskrifa neyslulánin í gegnum fyrirliggjandi sértæk skuldaúrræði. Þá má benda á að fasteignalán Íbúðalánasjóðs eru í dag að jafnaði með sambærilega greiðslubyrði og leiguverð sambærilegrar eignar.

Greiðsluvanda einstaklinga má ennfremur rekja til misgengis launa og verðlags, sem og atvinnuleysis. Sá hluti vandans verður aðeins leystur með aukinni atvinnusköpun og skynsamlegum fjárfestingum sem einkum skapa auknar útflutningstekjur.

i.

Sjóðurinn telur ótímabært að koma fram með úrræði til lausnar fyrir fyrstu kaupendur þar sem vísbendingar eru um að lánaframboð muni breytast umtalsvert á næstu misserum. Samhliða slíkum breytingum mun það verða í forgangi að huga að úrræðum fyrir þennan hóp.



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 140/456
komudagur 28.11.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.	25. nóvember 2011	A-8 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 11. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf, 142. mál.

Með hliðsjón af lögbundnu hlutverki sínu telur Ríkisendurskoðun hvorki rétt né eðlilegt að taka afstöðu til ofangreindrar þingsályktunartillögu.

Emilur Þorvaldursson

Lárus Ögull



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/402
komudagur 23.11.2011

23. nóvember 2011

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf, 142. mál

Í tillögunni er m.a. fjallað um fjárfestingar á sviði orkumála og þeim ætlað mikið hlutverk í endurreisn íslensks efnahagslífs. Samorka fagnar eðlilega þeirri sýn sem þar kemur fram hvað orkufyrirtækin varðar. Undir liðnum fjárfesting í innviðum (í 2. hluta tillagna) segir:

- b. Framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar verði lögð til grundvallar við uppbyggingu orkuframleiðslu á næstu árum. Þó hefjist framkvæmdir í neðri hluta Þjórsá strax á næsta ári.*
- c. Lífeyrissjóðum verði gert kleift að taka þátt í verkefnaþjármögnun með orkufyrirtækjunum, bæði með lánsfé og hlutafé.*

Að mati Samorku er það mjög æskilegt að lífeyrissjóðir geti komið að fjármögnun verkefna í uppbyggingu orkunýtingar, enda meti þeir verkefnin sem hagkvæm. Nú er það ekki Samorku að taka þátt í að móta fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða, en hvað varðar heimildir fjárfesta almennt til að taka þátt í verkefnum á sviði orkunýtingar hefur Samorka ítrekað lýst þeirri skoðun samtakanna að þau sjái enga meinbugi á að fjölbreyttir fjárfestar, þar með taldir einkaaðilar, taki þátt í slíkum fjárfestingum.

Þá styðja samtökin eðlilega að framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar verði lögð til grundvallar við uppbyggingu orkuframleiðslu þess fyrirtækis. Að mati Samorku er hins vegar ekki æskilegt að Alþingi álykti um nákvæmar tímasetningar framkvæmda, né raunar um það við hvaða aðila skuli samið um orkukaup, en í greinargerð með tillögunni er fjallað um tiltekið verkefni þar sem ekki hefur verið gengið frá samningum um orkusölu. Í greinargerðinni er jafnframt fjallað um mikilvægi þess að sköpuð séu hagkvæm störf og Samorka fagnar sem fyrr segir þeirri sýn sem þar kemur fram um hlutverk orkunýtingar í endurreisn íslensks efnahagslífs. Samtökin leggja hins vegar áherslu á mikilvægi þess að einstök orkufyrirtæki hafi fullt svigrúm, óháð eignarhaldi, til að tímasetja framkvæmdir og semja um orkusölu, með hámarks arðsemi að leiðarljósi.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. nóvember 2011

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf, 142. mál.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins (SA) um ofangreinda tillögu til þingsályktunar, sbr. þingskjal 142. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórninni ætlað að grípa til ýmissa aðgerða til þess að leysa fjárhagsvanda heimila og fyrirtækja, endurskoða og skipuleggja hagstjórnina, endurskoða regluumgjörð fjármálamarkaða, endurvekja traust á efnahagslífinu og tryggja hvata til atvinnusköpunar og hagvaxtar.

SA telja tillöguna allrar athygli verða og geta tekið undir margt með flutningsmönnum hennar. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni þá er fjárfesting og atvinna drifkrafturinn í efnahagstillögum flutningsmanna. Aukin fjárfesting og atvinna leiða síðan til aukins hagvaxtar og þar með meiri landsframleiðslu, styrkari skattstofna og betri afkomu ríkissjóðs. SA eru sammála þessu orsakasamhengi og taka undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að „Megináherslan er lögð á að skapa umgjörð um efnahagslífið sem efli atvinnu og bæti afkomu heimilanna. Það verði gert með raunhæfum áætlunum í ríkisfjármálum, skattalækkunum, nýjum framkvæmdum, vinveittu efnahagssumhverfi og umbótum í skuldamálaum heimila og fyrirtækja. Háir skattar draga án nokkurs vafa kraftinn úr efnahagslífinu og þar með seinkar efnahagsbatanum.“

1. Fjármál heimilanna

Tillögur flutningsmanna undir þessum kafla eru all ítarlegar. Flutningsmenn leggja m.a. til að allar skattahækkanir sem ríkisstjórnin hefur lagt á síðan 2009 verði dregnar til baka. Sú skattastefna sem núverandi ríkisstjórn tók upp og lögfesti árið 2009 með breytingum á skattalögum og hafa síðan fylgt eftir voru illa undirbúnar og hefur valdið atvinnulífinu ómældum skaða og aflar ríkissjóði ekki þeirra tekna sem til stóð. Flest bendir til að skattastefna núverandi ríkisstjórnar hafi leitt til vaxandi undanskota frá skatti og dregið úr hvata fólks til öflunar tekna og aukinnar verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands gáfu út í september 2010 skýrslu með ítarlegum tillögum til umbóta á skattkerfinu sem hafa það að markmiði að efla fjárfestingu, auka atvinnu og bæta lífskjör. Ritið heitir *Skattkerfi atvinnulífsins. Fjárfesting - atvinna - lífskjör*.

SA hafa í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar með öðrum þingmálum nú í haust lagt til að stimpilgjöld verði afnumin í áföngum á næstu þremur árum. Er vísað til þeirrar umsagnar hér.

Þá taka SA undir tillögur um að afnema vörugjöld og aðflutningsgjöld af sem flestum vörum til að lækka vöruverð og örva verslun í landinu. Vöru- og aðflutningsgjöld skekkja samkeppnisstöðu innlendrar verslunar og draga úr störfum í verslun. Stór hluti vörugjalda leggst á ýmis konar byggingavörur og húsbúnað (efni á gólf og í vegg, eldhústæki, tæki á baðherbergi, ljós) sem gerir ungu fólki erfiðara en ella að koma þaki yfir höfuðið.



SA telja mikilvægt að lokið verði hið fyrsta endurskipulagningu fjármála heimilanna og að allar fjármálastofnanir noti svipuð viðmið við beitingu úrræða til þess. Mikilvægur útgangspunktur er að forðast eins og kostur er gjaldþrot þeirra fjölskyldna sem lentu í skuldavandræðum sem rekja má beint til áhrifa af fjármálahruninu í október 2008.

SA taka undir með flutningsmönnum að fyllsta ástæða er til að endurmeta áherslur í ríkisfjármálum. Ísland er háskattaland og opinber útgjöld, að frátöldum lífeyrisgreiðslum, eru hvergi hærri hlutfallslega meðal OECD ríkja. Stýring ríkisfjármála ætti að beinast að jöfnuði í ríkisbúskapnum og draga úr reglubundnum útgjöldum ríkissjóðs þannig að tekjurnar dugi fyrir þeim. Í skýrslu SA *Rjúfum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífskjara* er í kafla 9 fjallað um og leiðir til að ná jöfnuði í ríkisfjármálum.

2. Fjárfesting

SA taka undir áherslu flutningsmanna tillögunnar á nauðsyn þess að auka fjárfestingar í atvinnulífinu og innviðum samfélagsins. Í skýrslu SA *Rjúfum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífskjara* er í 8. kafla fjallað um mikilvægi nýrra fjárfestinga til að koma Íslandi út úr núverandi kyrrstöðu. Þar kemur m.a. fram að fjárfestingar á Íslandi árið 2010 voru næst lægstar OECD ríkja sem hlutfall af landsframleiðslu. Líkt og flutningsmenn telja SA mikilvægt að eyða óvissu um sjávarútveg, mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar, og auka áherslu á nýtingu orkuauðlinda þjóðarinnar. Sama gildir um mikilvægi þess að stjórnvöld liði tafarlaust fyrir framkvæmdum með innleiðingu skattastefnu sem ýtir undir fjárfestingu og umsvif í atvinnulífinu fremur en að draga úr þeim.

Í kafla 9.5 í umræddri skýrslu SA er fjallað um fjárhagslegan ávinning hins opinbera vegna nýrra starfa. Þar kemur m.a. fram að ávinningur hins opinbera af því að einstaklingur fari af bótum og í vinnu fyrir meðaltekjur er 2,26 m.kr. á ári. Þá er ótalinn annar kostnaður hins opinbera sem sparast og tengist þeim sem þiggja bætur en ekki þeim sem eru starfandi.

Dugleysi núverandi stjórnvalda til að greiða fyrir og hvetja til nýrra fjárfestinga og nýrra starfa verður illskiljanlegur þegar þessi ávinningur hafður í huga.

3. Hagstjórnin og fjármálakerfið

SA taka undir með flutningsmönnum að afnema þurfi gjaldeyrishöft hið fyrsta og að afnám þeirra muni auka trú fyrirtækja og almennings á efnahagslífið. Að mati SA eru agi og metnaður hornsteinar árangursríkrar hagstjórnar og stöðugleiki í hagkerfinu er undirstaða árangurs í atvinnulífinu. Í áður nefndri skýrslu SA *Rjúfum kyrrstöðuna. Leiðir til betri lífskjara* er í köflum 3 til og með 6 fjallað um leiðir í hagstjórn og lögleiðingu fjármálareglu, gjaldmiðismálum og stefnumótun í peningamálum. Vísað er til þeirrar umfjöllunar.

Ein megintillaga þingsályktunarinnar varðandi tekjur ríkissjóðs er að hefja skattlagningu séreignarlífeyrissparnaðar við inngreiðslu í stað útgreiðslu. Slík skattlagning felur í sér að skattbyrði er færð frá núverandi skattgreiðendum yfir á skattgreiðendur í framtíð. Samtök atvinnulífsins eru andvíg þessari tillögu þar sem slík breyting mun hafa óæskileg áhrif til framtíðar og væntanlega draga úr trausti á þessu sparnaðarformi. Launþegar munu ekki líta þannig á að þeir hafi neina tryggingu fyrir því að ekki komi til tvísköttunar þegar til útgreiðslna kemur. Ef slík breyting dregur úr séreignarlífeyrissparnaði mun það hafa þau áhrif að lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins verða hærri en ella í framtíðinni. Í ljósi breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar á komandi árum og áratugum, þ.e. mikillar hlutfallslegrar fjölgunar aldraðra og fækkunar starfandi fólks, er brýnt að hver kynslóð verði sem næst sjálfbær þannig að lífeyrissparnaður hennar á starfsævinni standi að mestu undir ævilöngum lífeyri sem sé það hár að lífeyrisþegar leggi drjúgan skerf til fjármögnunar samneyslunnar. Þannig verði komið í veg fyrir að skattbyrði á skattgreiðendur í framtíðinni verði óbærileg.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Haukur Finnsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Nefang:
sa@sa.is

Vefang:
www.sa.is





Alþingi
Erindi nr. P 140/484
komudagur 28.11.2011

28. nóvember 2011
SI - 80142

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 11. nóvember 2011, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um þingsályktunartillögu um aðgerðir í efnahagsmálum, 142. mál á 140. þingi.

Í þingsályktunartillögunni og greinargerð sem henni fylgir, eru lagðar til fjölmargar aðgerðir og fjallað ítarlega um þær. Tillögunum má í grófum dráttum skipta í fernt:

- 1) *Lækkun skatta*: Afnema á skattahækkunir sem lagðar hafa verið á einstaklinga og fyrirtæki frá árinu 2009 og afnema að auki stimpilgjöld. Samkvæmt ályktuninni má ætla að tekjuáhrif þessara aðgerða gætu numið 60-90 ma.kr. eftir því hvort óbeinir skattar á neyslu, rekstur og fjárfestingu teljast með, sem ekki er skýrt í ályktuninni.
- 2) *Aukning útgjalda*: Auka á útgjöld um sem nemur um 30 ma.kr. á ári, einkum vegna fjárfestinga hins opinbera og niðurgreiðslu á nýráðningum af atvinnuleysisskrá. Á móti er gerð 18 ma.kr. óútfærð árleg sparnaðarkrafa á ríkissjóð.
- 3) *Stuðlað að aukinni fjárfestingu*: Fjárfestingaráformum Landsvirkjunar verði hrundið í framkvæmd strax árið 2012 og stuðlað að aukinni fjárfestingu í sjávarútvegi með því „að eyða óvissu í greininni“. Þessar breytingar virðast eiga að bæta u.þ.b. 60 ma.kr. á ári í fjárfestingu næstu árin.
- 4) *„Kerfisbreytingar“*: Skjót aflétting gjaldeyrishafta, endurskoðun peningastefnu og gjaldmiðilsmála, breytingar á fjármálalöggjöf, flutningur bankaeftirlits til Seðlabanka, aðskilnaður fjárfestingar- og viðskiptabankastarfsemi, og formleg fjármálaregla í ríkisfjármálum til að styðja betur við peningastefnuna og koma í veg fyrir skuldasöfnun.

Seðlabankinn getur tekið undir ýmsar tillögur sem hér koma fram, sérstaklega varðandi kerfisbreytingar. Aðrar eru umdeilanlegri, sérstaklega sú slökun í ríkisfjármálum sem tillögurnar virðast fela í sér. Það er þó erfitt er að leggja mat á tilgreind áhrif þessara aðgerða þar sem óljóst er á hvaða forsendum matið byggir og hvernig hið undirliggjandi haglíkan er uppbyggt. Því er erfitt að taka afstöðu til þess hversu áreiðanlegt matið er á áhrifum tilgreindra tillagna á efnahagslífið og afkomu hins opinbera.

Tillögur í ríkisfjármálum samkvæmt liðum 1-2 virðast fela í sér töluverða slökun á aðhaldi ríkisfjármála, bæði í formi lækkunar skatta og aukningar


útgjalda. Afkoma og skuldsetning ríkissjóðs munu því óhjákvæmilega versna frá því sem nú er, enda engin reynslurök fyrir því að efnahagssumsvif aukist svo mikið í kjölfar slíkrar slökunar í ríkisfjármálum að þau nái að veða þar á móti, sérstaklega þegar skuldsetning ríkissjóðs er svo mikil sem raun er. Hætta er því á að verri afkoma hins opinbera verði til þess að þrýsta upp innlendu vaxtastigi og ryðja í burtu fjárfestingaráformum einkaaðila. Fjármögnunar-kostnaður hins opinbera yrði jafnframt meiri, sérstaklega ef áhættuálag á skuldbindingar ríkissjóðs færi að hækka á ný. Þrýstingur á gengi krónunnar gæti því aukist og þar með hætta á meiri verðbólgu sem myndi að öðru óbreyttu kalla á minni peningalegan slaka og síðar á meira peningalegt aðhald. Efnahagsbatinn gæti því orðið hægari sem að öðru óbreyttu myndi grafa undan forsendunni fyrir sjálfbærni opinberra skulda.


Varðandi lið 3 skal einungis áréttað að Seðlabankinn telur afar mikilvægt að glæða fjárfestingu, ekki síst beina erlenda fjárfestingu sem í senn dregur úr atvinnuleysi og setur traustari stoðir undir gengi krónunnar. Mikilvægt er hins vegar að þær fjárfestingar sem ráðist verður í fyrir tilstuðlan hins opinbera séu arðsamar því það er forsenda þess að þær skjóti stoðum undir sjálfbæran langtímahagvöxt.

Varðandi lið 4 er Seðlabankinn hlynntur því að aflétta gjaldeyrishöftum eins fljótt og auðið er, en telur, eins og ítrekað hefur komið fram, að tímasetningar þurfi að miðast við aðstæður. Þá hefur bankinn stutt hugmyndir um skynsamlegar ríkisfjármálareglur. Endurskoðun gjaldmiðlastefnu, peningastefnu og fjármálastöðug-leikastefnu, þ.m.t. varðandi stofnanaskipulag, eru mikilvæg verkefni. Seðlabankinn hefur á undanförunum misserum sent frá sér ýmsar greinargerðir þar að lútandi. Mikilvægt er að vönduð umræða verði um kosti og galla þess að aðskilja viðskipta- og fjárfestingar-bankastarfsemi en í því efni þarf einnig að taka tillit til þróunar alþjóðlegrar umræðu. Bankinn telur því of snemmt að kveða upp úr í þessu efni og bendir á að ýmsar leiðir koma til greina í þessu sambandi, allt frá fullum aðskilnaði til traustari girðinga innan bankastofnana. Mörg þeirra mála sem nefnd eru undir þessum lið eru mikilvæg og hljóta að koma til kasta Alþingis, eins og lögð er áhersla á í ályktunartillögunni. Sum þeirra eru reyndar um þessar mundir með einhverjum hætti í farvegi í stjórnkerfmu.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Þorarinn G. Pétursson
aðalhogfræðingur